

ÞÝSK VÍSA OG ÍSLENSKUR DRENGSKAPUR

I

Meðal hinna mörgu bréfa, sem ég hefi fengið til að þakka fyrir Nýal, er eitt frá ungum þýskum menntamanni, sem heitir hinu ágæta nafni G. Werner Freytag. Þakkar þessi eftirtektarverði efnismaður fögrum orðum þá þýðingu, sem Nýall hafi haft fyrir lífsskoðun sína; minnti bréf þetta skemmtilega á ýmislegt, sem íslenskt efnisfólk hefir skrifað mér, enda mun hr. Freytag vera ættaður úr norrænasta (eða germanskasta) hluta Þýskalands. Kom glögggt í ljós, að hann hafði vel tekið eftir aðalatriðum.

Vísa þessi, sem hér kemur, minnir mig dálítið á hinn ágæta unga Þjóðverja, þó að ekki sé hún eftir hann:

Weltgedanken hat gedacht
Weltentdeckungen gemacht
Isländischer Geolog
Kosmogeologe
Allerhöchstes wird bezweckt
Sternenleben hat entdeckt
Isländischer Philosoph
Kosmobiologe.

Er hér að því vikið, að hátt sé stefnt, og miði mín heim-speki að því að gera jarðfræði (og landafræði) og líffræði að heimsvísindum. Kosmogeologi: alheimsjarðfræði; kosmobiologi; alheimslíffræði.

II

Bréf Freytags gladdi mig ekki síst af þeirri ástæðu, að þessi gáfaði lesandi Nýals kvaðst eiga Íslendingi að þakka,

sem hafði verið á ferð þar í landi, að hann hefir kynnst þessari bók, sem hann taldi svo afar mikils verða fyrir andlegan þroska sinn. Því miður nefndi hann þó ekki nafn þessa góða drengs, og þykir mér leitt að vita það ekki, og það því fremur sem ég er því ekki vanur, að Íslendingar úti í löndum, sýni þessháttar drengskap gagnvart mér — og ekki alveg ómerkilegum íslenskum málstað. Undantekning er þar tónskáldið Jón Leifs, sem með svo miklum dugnaði og lagi hefir unnið að því, að vekja eftirtekt Þjóðverja á Íslandi og ýmsu, sem íslenskt er. Furðar mig satt að segja á því, að ekki skuli fleiri Íslendingar erlendis, eða þeir sem í erlend blöð og tímarit skrifa, hafa orðið til þess að reyna að vekja eftirtekt á kenningum mínum. Því að það hefði þó frægðarverk verið af þeirra hálfu, að gera íslenska heimspeki víðfræga, og ekki að efa, að þeim hefði tekist það, ef ekki hefði skort áhuga. Menn mega ekki ímynda sér, að hér sé um nokkurn hégómskap að ræða. Ég girnist fyrir mig ekki minnsta snefil af frægð fram yfir það, sem nauðsynlegt er málstaðarins sjálfs vegna. Og hér er um mikið mál að ræða. Því smærri sem þjóðin er, því örðugra er og ólíklegra að menn geti þar ritað þannig, að orðum þeirra sé veitt eftirtekt víða um lönd. Og þó er smáþjóðunum slíkt svo afar nauðsynlegt. Jafnvel fyrir atvinnuvegina íslensku mundi það verða milljóna virði, ef orð Íslendinga, sem glöggan skilning hefði á því sem segja þarf, næðu til milljóna, eins og að vísu mín orð munu ná áður langt líður, þrátt fyrir dauft atfylgi sumra Íslendinga ennþá. Dæmi skal ég nefna þessu til skýringar. Íslendingar þurfa að gera sér ljóst, hvað orðið getur úr hestunum þeirra, eins og ágætir hestamenn, Theódór Arnbjarnarson og Daníel Daníelsson eru nú að brýna fyrir mönnum. Tel ég lítinn vafa á, að varla sé sá dýravinur um alla jörð, sem ekki mundi vilja eiga íslenskan hest, þegar íslensk hestarækt verður komin í það horf sem þarf. Og einnig er hitt ljóst, að í bók, sem næði til milljóna, mætti með ekki mörgum línnum, miklu til leiðar koma í þessu efni, ef sá sem ritar, væri bændavinur og hesta og þjóðar. Annað sem nefna mætti í þessu sambandi, er sætfiskurinn (Icelandic

sweetfish), sem ólíklegt er að menn fari nú ekki að reyna að umbæta og gera að útflutningsvöru, og vafalítið mætti kenna öllu mannkyni að éta, sér til gagns og ánægju. Sbr. grein mína: Um betri not af fiski; Eimreiðin 1928.

26. apríl '29.